

Mánudaginn 22. apríl 1974.

**Nr. 77/1974: Valdstjórnin**  
**gegn**  
**Helga Aðalsteinssyni.**

**Dómenndur:**

**hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-  
 varr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.**

**Kærumál. Gæsluvarðhald.**

**Dómur Hæstaréttar.**

Með kæru 10. apríl 1974, sem barst Hæstarétti 17. s. m., hefur varnaraðili samkvæmt 3. tl. 172. gr. laga nr. 73/1973 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar og krafist þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur.

Af hálfu saksóknara ríkisins er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

**D ó m s o r ð :**

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

**Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 9. apríl 1974.**

Ár 1974, þriðjudaginn 9. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var af Birgi Þormar, kveðinn upp úrskurður þessi.

Laugardaginn 10. nóvember var kærði, Helgi Aðalsteinsson, úrskurðaður í allt að 45 daga gæsluvarðhald, en daginn áður hafði lögreglan í Höfn í Hornafirði sent hann með flugvél til Reykjavíkur. Á þessum tíma var ólokið rannsókn og meðferð eftirtal-  
 inna mála á hendur kærða og fleirum:

1. Kæra frá 15. mars 1973 fyrir ölvun við akstur.
2. Kæra frá 21. júní 1973 fyrir bílstuld og ölvun við akstur. Hin stolna bifreið stórskemmdist.
3. Kæra frá 26. júní 1973 fyrir innbrot í félagi við annan mann.
4. Kæra frá 2. ágúst 1973 fyrir bílstuld og ölvun við akstur.
5. Kæra frá 18. ágúst 1973 fyrir ökugjaldssvik.

6. Kæra frá 14. september 1973 fyrir þjófnað á peningum og myntsafni.
7. Kæra frá 10. október 1973 fyrir innbrot í skip á Akureyri og þjófnað á morfíni og lyfjum. Annar maður var einnig kærður fyrir hlutdeild í þessum verknaði.
8. Kæra frá 10. október 1973 fyrir bílstuld á Akureyri og ölvun við akstur. Annar maður var talinn meðsekur í þessu máli.
9. Kæra frá 9. nóvember 1973 fyrir bílstuld á Höfn í Hornafirði og ölvun við akstur.

Kærða var sleppt úr gæsluvarðhaldi 21. desember 1973, en þá var rannsókn mála hans að mestu lokið.

14. janúar 1974 var kærði handtekinn vegna gruns um stuld á sparisjóðsbók, ferðatékkum og peningum. Að lokinni skýrslutöku hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík var hann fluttur um borð í togara, þar sem hann hafði skipsrúm. Vera hans á togaranum varð mjög stutt.

S.l. nótt var kærði handtekinn vegna gruns um að hafa stolið bifreið og ekið henni ölvaður.

Kærði hefur viðurkennt öll þau brot, sem að ofan hafa verið greind.

Með bréfi sakadóms Reykjavíkur, dags. 11. janúar 1974, var lögreglustjórinn í Hafnarhreppi beðinn um að taka skýrslu af vitni fyrir dómi vegna ætlaðs hegningar-, áfengis- og umferðarbrotis kærða á Höfn í Hornafirði 9. nóvember 1973. Sú skýrsla er enn ókomin. Að þessu undanskildu á aðeins eftir að rannsaka óveruleg atriði í sambandi við brot kærða.

Ætla má, að kærði haldi áfram brotum, ef hann verður látinn laus, áður en dómur gengur í málum hans. Reynsla er fyrir því, að kærði sinnir ekki kvaðningum dómsins. Samkvæmt framan-sögðu og með tilvísun til 2. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 73/1973 þykir nauðsynlegt að úrskurða kærða í gæsluvarðhald, þar til dómur gengur í málum hans, enda eru skilyrði þess fyrir hendi samkvæmt 65. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem kærði hefur viðurkennt hátt-semi, sem getur varðað hann fangelsisrefsingu samkvæmt XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn allt að 60 dögum.

#### Úrskurðarorð:

Helgi Aðalsteinsson skal sæta gæsluvarðhaldi allt að 60 dögum.